

Því úrskurðast:

Steindór Einarsson greiði Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli vegna Sigurgríms Ólafssonar kr. 170.00 með 5% árs-vöxtum frá 19. marz 1940 til greiðsludags.

Gerðardómskostnaðurinn, kr. 150.00 til oddamanns og kr. 100.00 til hvors hinna gerðardómsmannanna, samtals kr. 350.00, greiði aðiljarnir, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill og Steindór Einarsson, að helmingi hvor, en gagnvart gerðardómsmönnum bera þeir solidariska ábyrgð á greiðslu kostnaðarins.

Málskostnaður fyrir gerðardóminum falli niður.

Þriðjudaginn 11. marz 1941.

Nr. 11/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S**
 gegn
Trésmiðafélagi Reykjavíkur.

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S gegn Trésmiðafélagi Reykjavíkur með stefnu, dags 11. nóv. 1940, gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt fyrir brot á 17. gr. laga nr. 80/1938, að viðurkennt verði, að legið hafi fyrir samningur eða samningsleg aðstaða, sem jafngildi samningi, milli firmans Höjgaard & Schultz A/S og stefnda, í októbermánuði s. l., er stefndi hóf verkfall hjá firmanu, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur fyrir tjón það, er leiddi af nefndu verkfalli stefnda. Og með framhaldsstefnu, dags. 14. janúar s. l., krefst stefnandi þess enn fremur, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir brot á 14. gr. laga nr. 80/1938 og til að greiða skaðabætur fyrir allt það tjón, er nefnt verkfall valdi firmanu Höjgaard & Schultz A/S. Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi, Trésmiðafélag Reykjavíkur, hefur fyrst og fremst krafizt þess, að málinu verði í heild vísað frá dómi, og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins. Hefur frávisunarkrafan verið tekin til meðferðar sérstaklega og málið aðeins flutt að því er hana varðar. Stefnandi hefur mótmælt frávisunarkröfunni og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda, að því er þennan hluta málsins varðar.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að Trésmiðafélag Reykjavíkur sé ekki stéttarfélag í þeirri merkingu, sem leggja beri í það orð í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Ákvæði 17. og 14. gr. nefndra laga eigi þannig ekki við um félagið. Það geti því ekki hafa gerzt brotlegt við nefndar lagagreinar og heyrir því kærur stefnanda á hendur því ekki undir verksviðs félagsdóms, eins og það sé ákveðið í lögum. Þá telur stefndi, að þar sem Trésmiðafélag Reykjavíkur sé ekki stéttarfélag, geti það ekki gert vinnusamninga í merkingu laga nr. 80/1938, og verði því ágreiningur um gildi á samningum þess, eða út af skilningi á þeim, ekki borinn undir úrlausn félagsdóms.

Stefnandi hefur mótmælt því, að vísa beri málinu frá dómi. Telur hann, að samkvæmt 44. grein laga nr. 80/1938, heyrir mál þetta tvímælaust undir félagsdóm. Hann heldur því og eindregið fram, að Trésmiðafélag Reykjavíkur sé tvímælaust stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, en þó að svo væri ekki talið, þá skipti það samt ekki máli, þar sem félagið gæti eigi að síður gert vinnusamning í merkingu oftnefndra laga.

Samkvæmt 1. og 2. málsgrein 44. gr. laga nr. 80/1938 er það verkefni félagsdóms „að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmatra vinnustöðvana“ og „að dæma í málum . . . út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.“

Mál þetta er, eins og að framan er greint, höfðað til refsingar fyrir brot á tilteknum greinum nefndra laga, til greiðslu skaðabóta fyrir tjón, er hlotizt hafi af broti á lögnum, og til viðurkenningar á því, að vinnusamningur hafi stofnast milli firmans Höjgaard & Schultz A/S og stefnda. Úrlausn þessara atriða heyrir, samkvæmt nefndum laga-ákvæðum, undir verksvið félagsdóms. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort félagssskapur stefnda er stéttarfélag

í skilningi laga nr. 80/1938 eða ekki, því þó að lausn þess atriðis mundi ef til vill geta skipt máli um sekt eða sýknu stefnda, þá getur hún ekki leitt til frávisunar eins og kröfum stefnanda er háttað. Samkvæmt þessu verður frávisunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa stefnda í máli þessu verður ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 20. marz 1941.

Nr. 11/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S**
gegn

Trésmiðafélagi Reykjavíkur.

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Mál út af því, hvort kjarasamningur hafi verið í gildi milli málsaðilja og hvort stefnda hafi verið heimilt að hefja verkfall.

Dómur.

Mál þetta er höfðað með stefnu, dags. 11. nóvember f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S gegn Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Gerir stefnandi þessar réttarkröfur í málinu:

1. Að Trésmiðafélag Reykjavíkur verði dæmt til að greiða sekt fyrir brot gegn 17. gr. laga nr. 80/1938, þar sem það hafi hafið vinnustöðvun um ágreining, sem einungis sé um atriði, sem félagsdómur eigi úrskurðarvald um.
2. Að viðurkennt verði með dómi, að þegar umrætt verkfall hófst, hafi legið fyrir samningur, eða sammingsleg aðstaða, sem jafngilti samningi, milli Trésmiðafélags Reykjavíkur og firmans Höjgaard & Schultz A/S og milli firmans og trésmiða þeirra, sem hjá því unnu, þegar verkfallið hófst, með sama innihaldi, að því er snertir flutning trésmiða til vinnustaða við Hitaveitu Reykja-